



FINNA BIRNA STEINSSON

„Kálgarður tilverunnar“

“The cabbage patch of existence”

ÁSMUNDARSAFN

THE ÁSMUNDUR SVEINSSON SCULPTURE MUSEUM

APRÍL — MAÍ 1996



„Enginn er svo gamall að hann læri ekki eitthvað á því að stinga upp kálgarði tilverunnar.“ Matthías Johannessen: **Bókin um Ásmund.**

Ásmundur var tilraunamaður í kálgarði listar á Íslandi allt til þess dags er hann hneig að banaþúfu.

Tilraun um þúfu

Oft ræða menn um sérstöðu Íslands og tala þá gjarnan um eld og ísa. Færri nefna þúfuna. Hún er þó dæmi um íslenskt samspil lands og veðráttu frá ómunatíð. Vel mætti hugsa sér þúfuna sem frjósamt og bústið afsprengi heilags brúðkaups („hierós gámos“) himnaguðsins og jarðarmóðurinnar á norðurslóð.

Þjóðin hefur í þúsund ár lagað sig að þessu sérkenni landsins þó að því hafi ekki verið haldið á loft sem skyldi, t.d. í rómantískum ættjarðarljóðum og sjálfstæðisbaráttu. Þvert á móti var mjög vegið að þúfunni við upphaf þessarar aldar. Tún voru sléttuð, fyrst með handverkfærum en síðan með þúfnabana, þeirri mikilvirku vél: Þúfan var jöfnuð við jörðu í grennd við hvert byggt ból.

Margt bendir til að í náinni framtíð verði sérkenni landa og þjóða, einkum smáþjóða, útflött og afmáð í hringiðu viðskiptabandalaga og múgmíðlunar. Á slíkum óvissutímum er sjálfsagt að draga þúfuna fram í dagsljósið og minna á dulúð hennar, þjóðlegan kraft og einfaldleik: leyfa henni að rétta úr kútnum á ný.

Í *Tilraun um þúfu* er leikið að andstæðum: veðurbitinn og úfinn kunningi úr sveitinni er nú kominn inn í gljáandi og hlýja sali borgarinnar. Dökkleit þúfan er orðin svo svanhvít og hrein að það sjást á henni fingraför barna sem snerta hana. Það sem var mjúkt og frjósamt er orðið hart og gelt eins og nútíminn. Reynt er að koma kerfi á það sem aldrei hefur verið bundið nokkurri reglu. Þetta er

þó ekki annað en tilraun. Hugsanlega mætti setja þúfuna í varanlegra efni og koma henni fyrir á fjölförnu torgi. Þar stæði hún þá í iðandi borg sem dálítið merki um sérstöðu lands og þjóðar, og veki upp minningar um sveitarómantík og grósku sem jafnvel ætti rætur í heilögum tilraunum himinguðs og móður jarðar.

Finna B. Steinsson

„No one is too old to learn something from digging up the cabbage patch of existence.“
Matthías Johannessen: **Ásmundur Sveinsson.**

Ásmundur Sveinsson was an experimenter in the cabbage patch of Icelandic art, right up until the day he returned to the soil.



An Essay on Tussocks

When talking about Iceland's unique qualities, people usually refer to fire and ice. Few mention the tussock. But it is a good example of the interplay of land and weather from time immemorial. You can easily imagine a tussock as being the plump and fertile offspring of the sacred marriage („hierós gámos“) between the god of the heavens and mother earth in the northern regions.

For one thousand years, Icelanders have adapted to this special feature of the landscape, but it has never been given the attention it deserves, neither in the patriotic poetry of the Romantic period nor during the struggle for independence. On the contrary, there was a campaign against the tussock at the beginning of this century. Meadows were levelled, first with hand tools and then with a powerful mechanical device popularly termed a „tussock killer.“ Tussocks were flattened in the immediate vicinity of every farmstead in the country.

There are many signs that the distinctive features of countries and peoples, especially those of small nations, will soon be levelled out and erased by the pressures of international trade and mass consumption. In such uncertain times, it seems appropriate to call attention to the tussock and remind people of its charm, native power, and simplicity, thus allowing it to assume its former place.

An Essay on Tussocks is a play on opposites: a rough, weather-beaten acquaintance from the country has entered the warm, shining hall of the city. The dark tussock has become so snow-white and pure, that it shows the fingerprints of children who touch it. What was soft and fertile has become as hard and barren as modern times. There is an attempt to impose a system on something that has never before been bound by any rules. This is only an experiment, however. It might be possible to cast the tussock in more durable material and place it on a busy square. There it would stand in the midst of the city's hectic activity — a small reminder of the unique character of the land and its people, awakening memories of idyllic country life, and growth which may even have its roots in the sacred experiments of mother earth and the god of the heavens.

Finna B. Steinsson



Finna Birna Steinsson

f. 1958 í Kaupmannahöfn

b. 1958 in Copenhagen

Menntun/Education:

- 1984-85 Myndlistaskólinn í Reykjavík/*Reykjavík College of Art*
1985-89 Myndlista- og handíðaskóli Íslands/*Icelandic College of Art and Handicraft, Reykjavík*
1989-92 Listaakademían í München, skúlpturn/*Munich Academy of Fine Art, Sculpture*

Einkasýningar/Solo exhibitions:

- 1994 Brýr að baki, Norðurárdal/*Environmental work, Norðurárdalur, west Iceland*
1993 „1000 veifur í Vatnsdalshólum“/*Environmental work, Vatnsdalshólar, north Iceland*
Menningarmiðstöðin Gerðuberg, Reykjavík/*Gerðuberg Culture Centre, Reykjavík*

Samsýningar/Joint exhibitions:

- 1995 Botngróður, Hallormsstaðaskógi/*Hallormsstaðaskógur, Forest, East-Iceland*
Sýning í Flugstöð Leifs Eiríkssonar/*Passengers Terminal, Keflavík-Airport*
Norrænir brunnar, Norræna húsinu/*Nordic House, Reykjavík*
1994 Skúlpturn/Skúlpturn/Skúlpturn,
Kjarvalsstöðum, Listasafni Reykjavíkur,
Kjarvalsstaðir, Reykjavík Municipal Art Museum
1993 Myndhöggvarafélagið í Reykjavík, Hveragerði/
Reykjavík Sculptors' Association Show, Hveragerði
1993 Norrænir myndhöggvarar, Eidfjord, Noregur/
Norway
1992 „Leib und Leben“, München, Freising, Salzburg
Árssýning, Listaakademíunni í München/*Annual exhibition, Munich Academy of fine Art*
1991 Árssýning, Listaakademíunni í München/*Annual exhibition Munich Academy of fine Art*

- 1991 Listahátíð í München/*Munich Arts Festival*
1990 Stadtmuseum München
1989 Kjarvalsstaðir, Reykjavík

Styrkir og viðurkenningar/Awards and grants:

- Verðlaun í samkeppni Stadtmuseum, München, 1990/
Munich Stadtmuseum Contest, 1990
Verðlaun frá Münchenarborg, 1992/*City of Munich, 1992*
Kardinal-Wetter-Förderpreis, 1992
Viðurkenning úr Listasjóði Pennans, 1992/*Bookstore Art Fund*
Starfslaun úr Starfslaunasjóði myndlistarmanna 1994 og
1996 /*Artist's Stipends 1994 and 1996*

Verk í opinberri eigu/Works in collections

- Listasafn Reykjavíkur, Kjarvalsstaðir/*The Reykjavík Municipal Art Museum*
Landsvirkjun/*National Power Company*
Héraðsnefnd Skagafjarðar/*Skagafjörður Local Authority, North-Iceland*

Verk á sýningunni/List of works:

- Tilraun um þáfu I, 1996
ljósmyndir, MDF, plexíglær *An Essay on Tussocks, I, 1996*
photographs, MDF, plexiglass
135 x 200 x 10 cm

Tilraun um þáfu II, 1996
ljósmynd, undirstunguspaði, stunguskófla, MDF, plexíglær
An Essay on Tussocks II, 1996
photographs, spade, shovel, MDF, plexiglass
135 x 200 x 17 cm

Tilraun um þáfu III, 1996
gifs
An Essay on Tussocks III, 1996
plaster
936 x 262 x 45 cm



ÁSMUNDARSAFN

THE ÁSMUNDUR SVEINSSON SCULPTURE MUSEUM

V/SIGTÚN 105 REYKJAVÍK

Stjórn Ásmundarsafns/*The board of The Ásmundur Sveinsson Sculpture Museum*: Guðrún Jónsdóttir, formaður/*Chairman*, Ásdís Ásmundsdóttir, Helgi Pétursson, Jóna Gróa Sigurðardóttir. Forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur/*Director of the Reykjavík Municipal Art Museum*: Gunnar B. Kvaran. Ljósmyndun/*Photography*: Kristján Pétur Guðnason, Finna Birna Steinsson. Þýðing/*Translation*: Alan Rittedal, Yfirllestur handrits/*Proofreading and editing*: Bernard Scudder, Mörður Árnason. Þakkir fyrir aðstoð/*Thanks for assistance*: Sæmundur Kristinsson, Pekka Pyykönen. Hönnun sýningarskrárl/*Catalogue design*: Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir. Prentun/*Printing*: G. Ben. Edda prentstofa hf.